

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

2. tbl. 2. árg.

5. febrúar 2024



*Snjómokstur að norðlenskum síð í Stykkishólmi.*

### Mikil snjóþyngsli í Hólminum

Undanfarna daga hefur snjó kyngt niður í Hólminum líkt og víða um landið. Snjómokstri hefur verið sinnt af kappi til að halda götum og helstu gönguleiðum færum. Bæjarverkst-

jóri hefur umsjón með snjómokstri og hálkuvörnum og vinnur eftir forgangsáætlun í þeim efnum. Fjölmarginir taka fannferginu fagnandi og víða má sjá börn að leik. Foreldrar eru

hvattir til að kynna börnum sínum þær hættur sem geta skapast af því að byggja sér snjöhús í ruðningum og sköflum sem snjómoksturstæki hafa rutt upp. Oft eru gamlir ruðningar færðir

til eða þeim mokað burt. Ökumenn eru jafnframt minntir á að hafa varan á í grend við skafla og ruðninga þar sem börn kunna að vera að leik svo ekki skapist hætta.

## Vel mætt á íbúafund um deiliskipulag í Víkurhverfi



Bæring Bjarnar Jónsson, arkitekt, kynnti deiliskipulagsbreytingu í Víkurhverfi.

Haldinn var opinn kynningarfundur um breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi 11. janúar síðastliðinn. Hátt í 40

manns sátu fundinn. Áður var haldinn fundur um sama efni 19. desember síðastliðinn en svo óheppilega vildi til að fundurinn var á sama tíma og hátíðartónleikar

Tónlistarskólans. Í ljósi þessa var ákveðið að halda annan fund og gefa þannig þeim sem ekki komust síðast kost á því að mæta og kynna sér breytinguna. Athu-

gasemdafrestur rann út 26. janúar síðastliðinn. Skipulagsnefnd tekur nú athugasemdir til skoðunar, svarar þeim og leggur svo til næstu skref við bæjarstjórn.

## Slökkviliðið býður til afmælisveislu



Dagur Emilsson, þaulreyndur slökkviliðsmaður, sýnir Emma frænda sínum búnaðinn og segir hetjusögur úr starfi.

Þann 10. febrúar næstkomandi verða liðin 110 ár síðan stofnað var formlengt slökkvilið í Stykkishólmi en reglugerð um slökkvilið var sett þann dag 1914. Fyrsta brunadælan kom í Stykkishólmi haustið 1913 og er hún enn til og varðveitt af slökkviliðinu. Fyrsta samþykkt um brunavarnir er nokkuð eldri eða frá 22. febrúar 1881 en hún náði einkum til þess að sjá til þess að reykháfar væru hreinsaðir eða sótaðir tvisvar á ári. Í tilefni af afmælinu mun slökkviliðið taka á móti

gestum og gangandi á slökkvistöðinni að Nesvegi 1a daginn eftir afmælið, þann 11. febrúar. Boðið verður upp á kaffi og kökur auk þess sem búnaður slökkviliðsins verður til sýnis. Börn eru sérskalega boðin velkomin, enda oft áhugasöm um störf og búnað slökkviliðsins eins og meðfylgjandi mynd ber með sér.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.



## Árshátíð Grunnskólans í Stykkishólmi

Árshátíð 1.-6. bekkjar Grunnskólans í Stykkishólmi fór fram fimmtudaginn 1. febrúar síðastliðinn. Í aðdraganda árshátíðarinnar höfðu nemendur æft fjölbreytt og skemmtileg atriði af kappi sem þau sýndu svo með miklum sóma á sviði í íþróttahúsinu. Er þetta er í fyrsta sinn sem skólinn nýtir þorrablotssviðið í

íþróttahúsinu fyrir sína árshátíð en gera má ráð fyrir að það verði gert til framtíðar, enda mikill lærdómur í því að koma fram á stóru sviði og undirbúa hátíð af þessari stærðargráðu. Miðaverð var 1000 kr. fyrir á gesti en ágóði miðasölu rann í sjóð menningarferða 5. bekkjar og skíðaferða 7. bekkjar.



## Hræðileg helgi í Hólminum 15.-17. febrúar



Glæpa- og draugahátíðin Hræðileg helgi í Hólminum verður haldin í annað sinn dagana 15.-17. febrúar næstkomandi. Hólmarar eru búnir að búa til spennandi morðgátu sem þarf að leysa. Félag atvinnulífs í Stykkishólmi stendur fyrir hátíðinni en dagskráin er langt komin þó enn eigi eitthvað eftir að bætast við. Dagskráin er fjölbreytt og ættu því allir að finna eitthvað við sitt

hæfi, meðal dagskrárliða má nefna draugahús og ratleik fyrir börn, Þorvaldur Friðriksson flytur erindi um sæskrímli á Vatnasafni, Bragi Páll fjallar um bók sína Kjöt og Bergþóra Snæbjörnsdóttir fjallar um bókina Svínshöfuð sem meðal annars gerist í Stykkishólmi, Sigursteinn Másson fjallar um mannhvörf á Íslandi og margt fleira. Dagskrána má finna á [stykkisholmur.is](http://stykkisholmur.is)

# Breytingar á stjórnskipulagi og störfum hjá sveitarfélaginu

Innra stjórnskipulag hefur verið til umræðu og umfjöllunar í stjórnsýslu sveitarfélagsins um nokkurt skeið. Lagt var upp með það markmið að skýra stjórnskipulag, ábyrgð og verklag hjá sveitarfélaginu og breyta skipulaginu með það fyrir augum að nýta sem best núverandi mannaú. Ráðgjafarsvið KPMG var fengið til aðstoðar við verkefnið og vann það í nánun samráði við sveitarfélagið. Tillaga KPMG að skipulagsbreytingum var lögð fram á bæjarstjórnarfundum í desember sl. og var samþykkt samhliða. Um er að ræða breytingar, með einum eða öðrum hætti, á verkefnum a.m.k. 9 starfsmanna sveitarfélagsins, en breytingarnar höfðu einnig áhrif á ákveðna starfstitla samhliða breyttum starfslýsingum og þar með ábyrgð hvers og eins. Breytingarnar tóku gildi á áramótum.

## um vinnuna

KPMG tók viðtöl við starfsfólk sveitarfélagsins sem skipulagsbreytingar munu hafa hvað mest áhrif á. Auk þess funduðu fulltrúar KPMG með fulltrúum sveitarfélagsins til að fá góða innsýn í helstu áskoranir og tækifæri. Í framhaldinu stilltu ráðgjafar upp drögum að starfslýsingum þeir-



Bæjarverkstjórinn áhyggjulaus að sumri til löngu áður en snjómokstur hófst.

ra starfsmanna sem um ræðir ásamt tillögu að umræddum skipulagsbreytingum. Tóku ráðgjafar undir með sveitarfélaginu með að skynsamlegt væri að breyta skipulaginu með það fyrir augum að nýta betur núverandi mannaú og styrkleika hvers og eins. Þá var m.a. mat ráðgjafana að tækifæri væri til að fækka starfsmönnum sem heyrðu beint undir bæjarstjóra og dreifa þeirri ábyrgð sem því fylgir. Þá voru ákveðnir starfsmenn sem heyrðu beint undir bæjarstjóra en voru samt sem áður undir verkstjórn annarra starfsmanna. Með því að gera þá starfsmenn sem fara með verkstjórn að næstu yfirmönnum þeirra töldu ráðgjafar að hægt væri að skýra betur ábyrgð og hlutverk stjórnenda.

## Helstu breytingar

Helstu breytingar á stjórnskipulagi og störfum hjá sveitarfélaginu snéru að Íþróttamiðstöð Stykkishólms, þjónumiðstöð (áhaldaúsi og eignasjóði), Stykkishólmshöfn og skipulags- og byggingarmálum. Hér fyrir neðan verður stuttlega gerð skil á þeim breytingum.

## Þjónutumiðstöð og höfn

Meðal helstu breytinga má nefna að Arnar Hreiðarsson, sem gegnt hefur stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja, mun framvegis ekki eingöngu sinna umsjón, viðhaldi og eftirliti með íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins heldur mun hann sinna umsjón, eftirliti og min-

niháttar viðhaldi í öllum eignum sveitarfélagsins á sama tíma og ábyrgð á daglegum rekstri íþróttamiðstöðvar og sundlaugar færast til íþrótt- og tómstundafulltrúa. Starfsheiti Arnars hefur verið breytt í forstöðumann eigna til að fanga betur breyttar áherslur í starfi. Til að stuðla að aukinni samþættingu þess starfsfólks sem starfar á þjónustumiðstöð og á höfninni varð bæjarverkstjóri, Jón Beck Agnarsson, yfirmaður starfsmanna hafnarinnar, en þær breytingar taka gildi frá og með 1. apríl nk. Mun því frá þeim tíma hafnarvörður heyrja undir bæjarverkstjóra, ásamt öðrum starfsmönnum áhaldaúss og verkstjórum vinnuskóla. Standa vonir til þess að breytingarnar komi til með að auka yfirsýn yfir þau

viðhaldsverkefni sem falla undir umrædda starfsemi og eflingar með skilvirkni í því að sinna þeim viðhaldsverkefnum og samvinnu milli starfsfólks sveitarfélagsins.

## Íþróttamiðstöð

Sá hluti sem á starfsemi og ábyrgð á rekstri Íþróttamiðstöðvar Stykkishólms sem heyrði áður undir Arnar Hreiðarsson mun nú heyrja undir Magnús Inga Bæringsson, en starfsheiti Magnúsar var jafnframt breytt í íþróttamiðstöðvar (áður tóms-

andæskulýðsfulltrúi) til að fanga betur breytingar á hans störfum. Aðrar breytingar voru ekki á starfi íþróttamiðstöðvarinnar og því mun Magnús áfram bera ábyrgð á starfi félagsmiðstöðvarinnar, starfi ungmennaráðs, samstarfi við íþróttamiðstöðvar og æskulýðsfélög samhliða því að leiða rekstur íþróttamiðstöðvarinnar. Þá mun Magnús áfram koma að félagsstarfi aldri í samstarfi við forstöðumann öldrunarþjónustu. Samhliða þessum breytingum í íþróttamiðstöð tóku Vignir Sveinsson og Sarah Jane Allard

sameiginlega að sér vaktstjórn í íþróttamiðstöð.

## Skipulags- og byggingarmál

Sigurður Grétar Jónasson, sem áður sinnti störfum aðstoðarmanns byggingarfulltrúa og verkefnum í þjónustumiðstöð, verður verkefnisstjóri framkvæmda og eigna. Mun hann sinna verkefnum á sviði skipulags- og byggingarmála, vera byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa innan handar, sem og að sinna verkefnum tengd þjónustumiðstöð, en hann mun m.a. bera

ábyrgð á samhæfingu verkefna milli eignasjóðs og áhaldahúss í samstarfi við bæjarverkstjóra og forstöðumanns eigna. Framan greindar breytingar leiddu m.a. til þess að beinum undirmönnum bæjarstjóra fækkaði úr 15 í 11. Þá voru unnar nýjar starfslýsingar fyrir skipulags- og umhverfisfulltrúa og byggingarfulltrúa auk þeirra sem nefndir hafa verið hér að ofan. Staða byggingarfulltrúa hefur verið auglýst laus til umsóknar og er umsóknarfrestur til og með 22. febrúar 2024.

## Eldur kom upp í íþróttamiðstöðinni



Eldurinn náði ekki að vinna mikið tjón.

Skömmu fyrir hádegi þann 31. janúar síðastliðinn kviknaði eldur í tækjageymslu á neðri hæð í íþróttamiðstöðinni. Eldvarnarkerfið gerði viðvart um eldinn og var Magnús Bæringsson fljótur til með slökkvitækið og réði niðurlögum eldsins á augabragði. Eldurinn kviknaði út frá tengli

en náði lítilli sem engri útbreiðslu svo lítið tjón varð. Þó nokkur reykur steig frá eldinum og þurfti því að rýma og reykraesta húsið. Það gekk hratt og vel fyrir sig og var því allt komið í eðlilegar horfur innan skamms. Töluverður fjöldi var í húsinu, þar á meðal börn að undirbúa árshátíð skólans.

## Staða byggingarfulltrúa laus til umsóknar

Leitað er að kraftmiklum byggingarfulltrúa fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm til að halda utan um byggingarmál og verklegar framkvæmdir. Viðkomandi mun jafnframt sinna starfi byggingarfulltrúa hjá sveitarfélaginu Eyja- og Miklaholtshreppi í gegnum þjónustusamning við Sveitarfélagið Stykkishólm. Um nýtt starf er að ræða. Hlutverk byggingarfulltrúa er að veita embættinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða ásamt því að hafa eftirlit og eftirfylgni með að lögum um mannvirki og byggingarmál sé framfylgt. Byggingarfulltrúi heyrir undir bæ-

jarstjóra Stykkishólms. Hjá sveitarfélagunum er lögð áhersla faglegt starf og þróun, öflugt samstarf og góða þjónustu. Byggingarfulltrúi starfar náið með bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa og er næsti yfirmaður forstöðumanns eigna og verkefnastjóra framkvæmda og eigna skv. nýju skipulagi sveitarfélagsins. Starfsaðstaða er í Ráðhúsi Stykkishólms. Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2024. Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn Alfred.is. Nánari upplýsingar veitir Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri. Nánar á stykkisholmur.is

## Þorrablótíð vel heppnað



Létt yfir hópnum þegar skemmtiatriðum og vali á nýrri nefnd var lokið.

Um 400 manns sóttu þorrablót í Stykkishólmi síðastliðinn laugardag. Blótíð var haldið í íþróttamiðstöðinni og var því rúmt um gesti þrátt fyrir mikinn fjölda. Ekki var annað að sjá en skemmtiatriðin féllu vel í kramið hjá viðstöddum og eflaust marga sem verkjar enn í hláturtaugarnar eftir kvöldið. Þorrablótin eru rótgróin og dýrmætur siður sem gefa litlum samfélögum

sem þessum mikið. Ekki síst í ljósi þess að þar gefst leyndum hæfileikum hins almenna íbúa tækifæri til að brjótast út og baða sig athygli. Í gegnum árin hafa margir komið á óvart með fögrum söng, glettnum húmor, listrænni tjáningu og fleiru. Hæfileikarnir leyndu sér ekki á sviðinu í ár og ljóst að hluti nefndarinnar ætti fullt erindi í leik- og söngnám, en þó

ekki allir. Eins og vant er kynnti fráfarandi nefnd nýja nefnd til leiks að loknum skemmtiatriðum. Ný þorrablótnefnd samanstendur af þessum hóp: Helga Hjördís Björgvinsdóttir og Steinar Már Ragnarsson, Mattías Arnar Þorgrímsson og Ágústa Jónsdóttir, Sunna Rós og Ramunas Kaneckas, Elvar Már Eggertsson og Svava Pétursdóttir, Jakob Björgvin S. Jakobsson og

Soffía Adda Andersen, Aron Bjarni Valgeirsson og Karen Jónsdóttir, Agnes Helga Sigurðardóttir og Kári Geir Jensson, Eva Guðbrandsdóttir og Ágúst Sveinbjörn Ólafsson, Anna Hallgrímsdóttir, Gróa Hinriksdóttir, Aron Ingi Hinriksdóttir, Þá voru Kristbjörg Hermannsdóttir og Sigurbjartur Loftsson valin sem formenn nefndarinnar.



Svenni svaraði gagnrýnisröddum og söng "Skúrinn er víst opin!" fyrir húsfylli í íþóttasalnum en allur viðbúnaður og skipulag var til fyrirmyndar og kvöldið afar vel heppnað.

## Próftaka í heimabyggð



Símenntun á Vesturlandi sinnir meðal annars þjónustu við fjarnema og er eitt af hlutverkum þeirra er að gera fjarnemendum kleift að taka próf í heimabyggð. Símenntun sér um að útvega aðstöðu og yfirsetufólk á viðeigandi stöðum og tímum eftir þörfum. Undanfarið hefur Grunnskólinn í Stykkishólmi haldið utan um nemendur sem sækjast eftir því að taka

próf úr sínu námi í heimabyggð en breyting hefur nú orðið á því fyrirkomulagi. Símenntun hefur gert samning við Eyþór Benediktsson um að taka við þessu verkefni. Sveitarfélagið mun áfram útvega húsnæði undir próftöku. Eyþór sér um yfirsetu í prófum, er tengiliður á staðnum, prentar út gögn, tekur mætingu, kynnir prófareglur, fylgist með tíma, sér um skráningar og fleira.

## Söngstund með Aldísi og Heimi



Í félagsstarfi 60 ára og eldri er hefðbundin að haldin sé söngstund í Tónlistarskóla Stykkishólms á föstudögum. Síðasta föstudaginn í janúar féll söngstundin niður en starfsfólk Höfðaborgar brást fljótt við og bauð upp á söngstund í matsalnum

þar í staðinn. Þau Aldís, starfsmaður Höfðaborgar, og Heimir Laxdal leiddu söng en Heimir spilaði einnig á gítar. Vegna veðurs voru allnokkrir fastir heima og misstu af viðburðinum en þeir sem mættu skemmtu sér konunglega í góðra vina hóp.

## Björgunarsveitin kom fjölda til aðstoðar



Janúarmánuður kvaddi með hvell. Miðvikudaginn 31. janúar var mikið hvassviðri og ofankoma. Snjómokstur stæki höfðu vart undan og varð því illfært um bæinn á tímabili. Nýr bíll björgunarsveitarinnar Berserkja kom þá að góðum notum

en meðlimir björgunarsveitarinnar drógu á annan tug bifreiða sem sátu fastar í snjó víða um bæinn. Bíllinn er af gerðinni Ford 350, hann er á 37" dekkjum og er búinn dráttarspili að framan. Bíllinn var keyptur af Hjálparsveit skáta Garðabæ.

## Kynningarfundur um Agustsonreit



Þann 25. janúar síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms að auglýsa skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels og íbúða á Agustsonreit í Stykkishólmi. Um er að ræða sameiginlega skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og tillögu

að nýju deiliskipulagi. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður landnotkun svæðisins breytt úr athafnasvæði í verslun og þjónustu þar sem einnig verður heimilað að vera með íbúðir. Í deiliskipulagstillögunni verður gert ráð fyrir hóteli, verslunar- og þjónusturýmum og kjallara fyrir bílastæði o.fl. á Austurgötu 1 og

íbúðarbyggingu með verslun og þjónustu á neðri hæð á Austurgötu 2. Friðuð bygging við Aðalgötu 1 verður óbreytt. Tekið verður við skriflegum athugasemdum og ábendingum í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdafrestur við skipulagslýsingu er til og með 28. febrúar 2024. Hægt er að nál-

gast lýsinguna á vefsíðu sveitarfélagsins. Opinn kynningarfundur vegna skipulagslýsingarinnar verður haldinn í Amtbókasafninu í Stykkishólmi þiðjudaginn 6. febrúar kl. 17 - 18. Sigurður Ágústsson og Davíð kr. Pitt, arkitekt kynna skipulagslýsingu. Fundarstjóri verður Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi.

## Breyting á deiliskipulagi vegna Aðalgötu 16



Aðalgata 16

Þann 11. september 2023, samþykkti skip-

ulagsnefnd að grenndarkynna óverulega

breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Stykkishólms vegna fyrirhugaðra breytinga á og við Aðalgötu 16. Breytingartillagan felst í niðurfellingu á bílskúrsreit, stækkun og tilfærslu á byggingareit hússins og aðlögun lóðarmarka samkvæmt því ásamt færslu á stíg aftan við húsið.

Grenndarkynningin fór fram dagana 7. nóvember til 5. desember 2023 og náði til lóðarhafa Þvervegs 4, 6 og 8, Aðalgötu 14, 11 og 13 og Víkurgötu 6. Deiliskipulagið öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 13. febrúar næstkomandi. Hægt er að kynna sér lýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins.